



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 21. ágúst 2023
23051834/100.04 SSF

Efni: Umsögn um útboðsgögn vegna umferðarljósabúnaðar á Fífuhvammsveg og .

Þann 20. júlí vísaði bæjarráð erindi deildarstjóra framkvæmdadeildar til umsagnar bæjarlögmanns. Erindið varðaði heimild til að hefja útboð á umferðarljósabúnaði vegna Fífuhvammsvegs og Kársnesbrautar.

I.

Það liggur fyrir að síðustu ár hafa útboð á umferðarljósum á vegum Reykjavíkurborgar, Vegagerðar og Kópavogsbæjar, ítrekað verið vísað til úrlausnar kærunefndar útboðsmála, sem hýst er hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Í því máli sem varðaði Kópavogsbæ var deilt um útboð vegna umferðarljósabúnaðar við gatnamót Smárahvammsvegar og Fífuhvammsvegar. Tilboð bárust frá tveimur aðilum. Kópavogsbær taldi lægra tilboð ekki uppfylla kröfur útboðsgagna og valdi því hærra tilboðið. Kærunefnd taldi lægra tilboðið uppfylla kröfur en ekki hærra tilboðið og felldi því ákvörðun Kópavogsbæjar úr gildi. Í málinu kom fram að hærra tilboðið var talið hafa verið fráviksboð vegna fyrirvara sem talinn var ekki í samræmi við útboðsgögn. Því hafi Kópavogsbæ ekki verið heimilt að taka tilboðinu. Um lægra tilboðið var kærunefnd ósammála Kópavogsbæ um það hvort tilboðið uppfyllti tæknilýsingu auk þess það þótti draga úr vægi mats Kópavogsbæjar að tæknilýsingu vörunnar hafi verið ruglað saman við tæknilegt hæfi bjóðandans.

VSÓ ráðgjöf annaðist síðasta útboð fyrir Kópavogsbæ og sama fyrirtæki er ráðgjafi umhverfissviðs í þessu útboði. **Undirritaður telur að í þessu útboði hafi ekki verið tekið fullnægjandi tillit til þeirra annmarka sem kærunefnd hefur fundið á fyrri útboðum vegna umferðarljósa.**

II.

Samkvæmt lögum um opinber innkaup skulu útboðsgögn innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að bjóðanda sé unnt að gera tilboð, m.a. um forsendur fyrir vali tilboða. Tæknilýsingar fela í sér bein skilyrði sem tilboð verða að fullnægja þegar hagkvæmasta tilboð er valið á grundvelli lægsta verðs eins og hér um ræðir. Af þessum sökum er brýnt að **tæknilýsingar séu eins skýrar og kostur er.**

Svo virðist sem að í útboðsgögnum um umferðarljósabúnað fyrir Fífuhvammsveg og Kársnesbraut sé ekki enn gerður greinarmunur á tæknilýsingu bjóðanda og tæknilegu hæfi bjóðanda. Þannig er í kröfum um hæfi bjóðanda í grein 1.3.7 (*Tæknileg og fagleg geta bjóðanda*) lýst tilteknum skilyrðum sem fram boðin vara þyrfti að uppfylla. Nánar tiltekið kemur þar fram að „*boðinn búnaður*“ skuli vera í notkun í a.m.k. þremur öðrum borgum og á a.m.k. tíu stöðum í hverri borg og búnaðurinn skuli að lágmarki uppfylla tilteknar kröfur. Ekki má, skv. niðurstöðu kærunefndar, vera undirorpið neinum vafa hvort skilyrði sé sett um **hæfi bjóðandans eða lýsingu vörunnar.**



Önnur atriði sem gætu aukið skýrleika útboðsgagna eru að tilgreina ákveðin **tímaviðmið í kennslu** skv. grein 3.1.1.11. og að kanna mögulegt misræmi í heimilum gjaldmiðlum í tilboði en samkvæmt grein 4.1. skulu tilboðsverð vera í íslenskum krónum, verðlagsgrundvöllur er gengistryggður skv. 1.1.2. en samkvæmt grein 2.6. sé heimilt að leggja fram tilboð í erlendum gjaldmiðlum með skráð gengi hjá Seðlabanka Íslands, sem verði uppreiknuð af kaupanda. Þá verði reikningar í íslenskum krónum uppfærðir miðað við breytingu gjaldmiðils, sem ekki er tilgreint hver sé, frá opnunardegi til afhendingardags. Ákvæði **um gjaldmiðla og gengistryggingar þyrfti að gera mun skýrari** til þess að tryggt sé að tilboð bjóðenda séu samanburðarhæf. Óskýrleiki um síðastnefnda atriðið í fyrra útboði varð til þess að kærunefnd taldi tilboð bjóðanda ekki fullnægja útboðskröfum en Kópavogsbær hafði áður metið tilboðið gilt og samþykkt.

III.

Lögum um opinber innkaup er m.a. ætlað að koma í veg fyrir að samkeppni sé takmörkuð með óeðlilegum hætti. Í þessu felst að óheimilt er að **lýsa vöru svo nákvæmlega að eingöngu einn seljandi og ein vara komi til greina**. Hér koma til skoðunar tæknilýsingar þess búnaðar sem þjónar þeim markmiðum sem að er stefnt fyrir sveitarfélagið og hvort slík tæknileg skilyrði séu málefnaleg. Um þetta á lögfræðingur erfitt með að meta en nauðsynlegt er að tæknilegur ráðgjafi Kópavogsbæjar geti bent á helst fjóra en a.m.k. tvo framleiðendur/innflutningsaðila sem gætu haft vörur sem uppfylli sett skilyrði útboðsgagna.

Hér koma til skoðunar kröfur um að masterslykill að stýrikassa gangi einnig að stýrikössum sem þegar eru í eigu kaupanda (grein 3.1.1.3.), búnaðurinn virki með ótilteknum hugbúnaði í eigu kaupanda en annars þurfi nýr hugbúnaður að fylgja (grein 3.1.4.2.) og tiltekið nákvæmt útlit á lögum og lit á ytra byrði ljóskera (grein 3.1.2.) o.fl.

IV.

Samkvæmt lögum um opinber innkaup er óheimilt að **skipta upp verki eða innkaupum** í því skyni að innkaup verði undir viðmiðunarfjárhæðum, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Þegar innkaupum á fyrirhuguðu verki eða þjónustu er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga skal miða við samanlagt virði allra samninganna. Sama á við þegar innkaupum á vöru af svipaðri tegund er skipt upp í fleiri sjálfstæða samninga. Sé samanlagt virði allra samninganna yfir viðmiðunarfjárhæðum skal líta svo á að verðgildi hvers og eins samnings sé einnig yfir viðmiðunarmörkum. Þegar heildarvirði samninga er yfir viðmiðunarfjárhæðum er þó heimilt að gera einstaka samninga án útboðs fyrir allt að 20% af samanlagðri heildarfjárhæð allra samningshluta.

Í þessu sambandi kemur til skoðunar að fyrirhugað sé að **strengir, uppfærsluþjónusta og verðmæti þjónustu í 15 ár** sé ekki hluti af útboðinu sem og öll vinna við **uppsetningu**. Standi til að aðrir en starfsmenn Kópavogsbæjar eða aðrir opinberir starfsmenn annist uppsetningu á ljósunum þá fellur sú framkvæmd að líkindum undir útboðsskyldu en það ræðst af kostnaðaráætlun þessara þátta og hvort hún nái 20% af heildarupphæð allra samninga. Séu þessi kaup á umferðarljósum hluti af ákvörðun um útskipti **fleiri umferðarljósa** í Kópavogi þá er ljóst að þetta útboð er hluti stærri viðskipta. Kostnaðaráætlun er þannig komin yfir viðmiðunarfjárhæð og þarf að auglýsa útboðið á Evrópska efnahagssvæðinu.

Virðingarfyllt,

Steinn Sigríðar Finnbogason
Lögfræðingur

ssf